# Frístundastyrkur Árborgar – skráningarupplýsingar

## Til að komast inn á íbúagáttina „Mín Árborg“ þarf að byrja á að auðkenna sig. Það er gert með innskráningu í gegnum island.is.

1




**Bæði er hægt að nota Íslykil og Rafræn skilríki**




---

2




Þegar innskráningu er lokið er hægt að komast inn í Frístundastyrkinn með því að smella á hnappinn „**Frístundastyrkur**“ (<u>mynd 2</u>) sem er efst á síðunni hægra megin.

Til að sjá hvaða námskeið er í boði fyrir hvert barn er ýtt á hnappinn „**skoða**“ (<u>mynd 2</u>).

Þá kemur upp listi yfir þau námskeið sem eru skráð í frístundakerfið og eru í boði fyrir viðkomandi barn miðað við aldur.

3




4




Ef viðkomandi smellir á **„skrá í námskeið“** (lengst til hægri í hverri línu, <u>mynd 3</u>) fyrir barnið dettur hann inn í skráningarkerfið fyrir námskeiðið (<u>mynd 4</u>). Það getur verið Frístundakerfi Árborgar, Umf. Selfoss eða önnur skráningarkerfi íþróttafélaganna.

Þar lýkur foreldri/forráðamaður við skráninguna og ákveður hvort nýta eigi frístundastyrk Árborgar (þarf að haka við þann valmöguleika). Hægt er að nýta allan eða hluta styrksins.

Ef það eru eftirstöðvar af æfingagjaldinu getur foreldri valið um greiðslufyrirkomulag.

- kortagreiðslu eða greiðsluseðli

Ef ekki eru neinar eftirstöðvar kemur texti **„Engin greiðsla“.**

**Alltaf þarf að samþykkja skilmála til að geta lokið við ráðstöfun styrksins.**